

Framleiðslu- og sölumál mjólkur 2016 og horfur 2017

MARKAÐSMÁL

Nú er nýlokið metári í framleiðslu og sölu mjólkur. Innvigtun ársins var 150,3 milljónir lítra eða ríflega 410 þúsund lítrar að meðaltali á dag, en árið 2016 var hlaupár sem gaf einn dag til viðbótar.

Sala mjólkur á fitugrunni árið 2016 var 139,2 milljónir lítra sem er 3,2 millj. l umfram greiðslumark ársins. Umframmjók ársins var 14,3 millj. l eftir útjöfnun. Fyrir útjöfnun var framleiðsla innan greiðslumarks rúmlega 131 millj. l og það vantaði því tæpa 5 millj. l á framleiðslu innan greiðslumarks. Þegar hefur verið flutt út 5,6 millj. l og fengist hefur heimild til að nýta 6 millj. l af umframmjólk á innanlandsmarkaði. Samtals er því búið að ráðstafa 11,6 millj. l af 14,3 og eftir er að taka ákvörðun um ráðstöfun 2,7 millj. l. Birgðir án þessara umframmjólkur er um 18,2 millj. l í árslok 2016 en voru 17,2 í upphafi árs. Eðlileg birgðastaða er á bilinu 18 til 20 millj. l sem er nálægt því að vera 6 vikna framleiðsla að meðaltali. Þá umframmjók er nýtt verður og fengist hefur heimild fyrir, verður greitt fullt afurðastöðvaverð fyrir. Innvigtunargjald sem lagt var á þá mjók sem nýtt verður á innanlandsmarkaði verður endurgreitt við uppgjör ársins. Innan Mjólkursamsölnnar er nú verið að leggja mat á það hvort þörf sé á að nýta þessar 2,7 millj. l til viðbótar eða hvort það magn verði flutt út en ákvörðun þess efnis þarf að liggja fyrir nú í febrúar. Þetta magn samsvarar um 130 tonnum af smjöri. Sala á próteingrunni á árinu var 129 millj. l og er þá ekki tekið tillit til skerðingar sem nema rúmum 3 millj. l en þá væri raunsala rúmlega 132 millj. l á próteingrunni.

En hverjar eru framleiðsluhorfur fyrir árið 2017?

Greiðslumark ársins hefur verið ákvarðað 144 millj. l með framleiðsluskyldu upp á 90% eða 130 millj. l og er það aukning um 8 millj. l á milli ára. Gerð hefur verið framleiðsluspá út frá kúafjölda, fjölda sæðinga, burða og förgunar og gerir sú spá ráð fyrir að framleiðsla verði á bilinu 140 til 146 millj. l árið 2017. Til samanburðar gera söluáætlanir SAM fyrir árið 2017 ráð fyrir að sala mæld á fitugrunni verði á bilinu 143 til 144 millj. l sem er 3% aukning í sölu á milli ára, en söluaukningin

á síðasta ári var 4,8 % á fitugrunni og 5,2% á próteingrunni. Hvaða áhrif nýr tollasamningur við ESB mun svo hafa á mjólkurmarkaði er óljóst en magnið er 230 tonn sem er ígildi 2,5 millj. l framleiðslu eða framleiðslu 10 meðal búa. Ljóst er að framkvæmdin sem verður á þessum innflutningi mun skipta miklu máli en það að íslensk stjórnvöld skuli hafa ákveðið að fella einhliða niður tolla án þess að opna aðra möguleika fyrir útflutning er með öllu óskiljanlegt.

Framleiðsla mæld á milli sömu vikna milli ára hefur verið að minnka um 3,5 til 4%. Ef sú minnkun verður fram á mitt ár, eða til 1. júlí, gæti framleiðsla ársins verið 144 til 146 milljónir. Allar þessar spár byggja á hinum ýmsu forsendum en þær forsendur þarf að styrkja þannig að hægt verði að gera framleiðsluáætlanir með meira öryggi en er í dag. Ákveðið hefur verið að gera könnun hjá þeim bændum sem framleitt hafa umfram greiðslumark á liðnu ári eða árum um hvaða framleiðsluþlön þeir hafa á þessu ári. Ljóst er að við þurfum framleiðslu umfram greiðslumark bæði til útjöfnunar og til birgðastyrkingar þegar sala er umfram greiðslumark ársins eins og var á síðasta ári.

Innvigtunargjald verður lækkað úr 35 kr. í 20 kr. pr lítra nú 1. febrúar. Stjórn Auðhumlu mun mánaðarlega fara yfir og breyta því gjaldi ef þörf krefur, en það getur bæði tekið breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir því hvernig framleiðslan þróast. Á deildarfundum Auðhumlu í mars verður farið ítarlega yfir stöðuna í framleiðslu og sölumálum mjólkur.

Með kveðjum góðum,

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

Hvert viljum við stefna?



Frá 1990 hefur kúabúum fækkað um eitt þúsund, bara á síðasta ári hættu 40 kúabændur störfum hér á landi og er það í takt við þróun greinarinnar síðustu áratugi. Virk kúabú eru nú 596, en þessi þróun eða öðru nafni hagræðing er vegna tæknibyltingar og ytri krafna um stöðugt hagstæðara verð á mjólkurvörum. En er staðan betri en hún var? Hefur tilganginum verið náð? Hvert viljum við stefna?

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi í mjólkurframleiðslu á umliðnum árum. Bændur hafa með markvissum hætti hagrætt með samstarfi og samvinnu. Framleiðslustöðvum fyrir mjólk hefur verið fækkað úr 19 í 5 og þær verið sérhæfðar, allt til að ná niður kostnaði. Það er óumdeilt að neytendur hafa notið meginpartins af þessum aðgerðum eða 2/3 af hagræðingunni, meðan bændur hafa fengið 1/3.

Meðalmjólkurkýrin framleiðir 60% meira en fyrir þrjátíu árum. Meðal-kúabú á Íslandi framleiðir um 250 þúsund lítra af mjólk á ári, það hefði þótt risabú fyrir 30 árum. Starfsfólki við mjólkurvinnslu hefur fækkað um

rúm 30% á sama tíma, en hefur aldrei áður unnið úr meiri mjólk en gert var á síðasta ári. Þá hefur orðið ótrúleg framleiðniaukning bæði á meðal mjólkurframleiðenda og í afurðavinnslum þeirra.

Bændur eru tilbúnir í samtali um sitt starfsumhverfi hvar og hvenær sem er, þeir vilja vinna í sátt við samfélagið og umhverfið. Mjólkurframleiðsla á Íslandi er sniðinn ákveðinn rammi sem er að mörgu leyti sérstakur en með honum var lagt í ákveðna vegferð sem hefur í meginatriðum gengið eftir eins og til var ætlast, hagræðingu var náð og neytendur njóta hennar.


En viljum við fara í róttækar breytingar án þess að vita hver endanleg niðurstaða verður? Landbúnaður á Íslandi er hluti af okkar þjóðarvitund og samofinn okkar menningu – hann er hluti af stærri heild. Hvernig samfélagi viljum við stefna að? Hvað viljum við sjá í sveitum landsins og hvernig viljum við byggja landið? Að kollvarpa núverandi fyrirkomulagi gæti kostað okkur meira en virðist við fyrstu sýn.

Birna Þorsteinsdóttir

Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

Framleiðsla mjólkur

Á síðastliðnu ári 2016 nam innvigtun mjólkur 150,3 millj. lítrum. Aldrei hefur jafn mikil mjólk verið framleidd hér á landi og innvegin á einu ári frá því að skráningar á landsframleiðslu hófust. Á árinu 2015 var framleiðslan einnig mikil, eða um 146 millj. lítra. Samanlögð innvigtun fyrsta mánaðar ársins 2017 er eilítið hærri en í fyrra, en það skýrist í mismun á fjölda innvigtunardaga sem bera tveggja og þriggja daga framleiðslu. Ef framleiðslan er skoðuð á vikugrunni, í upphafi árs, þá kemur í ljós að innvigtun er mitt á milli þess sem hún var 2015 og 2016.



Sala mjólkur 2016

Í yfirliti 2 kemur fram ráðstöfun mjólkur á árinu 2016. Sala mjólkur á próteingrunni nam 129 milljónum lítra, og jókst því um 5,22% á árinu. Umreiknuð sala á fitugrunni var 139,2 milljónir lítra. og jókst um 4,8% á sama tíma. Á sama tíma var framleiðsla mjólkur, eins og fyrr segir, 150,3 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á árinu 2016 var því um 21,3 milljónir lítra á próteingrunni og um 11,1 milljónir lítra á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 24 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 11,5 millj. lítrum


Birgðir mjólkurvara

Í yfirliti 3 sést þróun birgða helstu flokka mjólkurvara á árinu 2016.

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

| VÖRUFLOKKAR | Sala í ltr. og kg | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|--------------------|---------------------------|----------|----------|
| | desember mánuður | Síðustu 3 mánuðir | Síðustu 12 mánuðir | Mán. | 3 mán. | 12 mán. |
| Umreiknað á PRÓTEIN: | | | | | | |
| Birgðir í upphafi | 26.550.776 | 27.904.598 | 33.982.442 | -18,35 | -12,18 | 62,76 |
| Innvegin mjólk | 11.903.055 | 34.295.146 | 150.322.481 | -5,63 | -4,18 | 2,94 |
| Seldar afurðir | 10.104.235 | 31.426.688 | 129.032.673 | 1,38 | 4,21 | 5,22 |
| Útflutningur | 505.490 | 2.540.413 | 24.077.984 | -54,23 | -23,28 | 154,53 |
| Birgðir í lok | 27.359.049 | 27.359.049 | 27.359.049 | -19,49 | -19,49 | -19,49 |
| Mismunur | 485.058 | 873.595 | 3.835.217 | 512,18 | 653,23 | 355,88 |
| Umreiknað á FITU: | | | | | | |
| Birgðir í upphafi | 23.167.132 | 26.400.149 | 22.970.399 | 0,40 | 13,80 | 106,70 |
| Innvegin mjólk | 11.903.055 | 34.295.146 | 150.322.481 | -5,63 | -4,18 | 2,94 |
| Seldar afurðir | 13.116.336 | 36.640.930 | 139.204.556 | 6,29 | 4,74 | 4,80 |
| Útflutningur | 23.516 | 2.092.199 | 11.535.614 | 36,97 | 4.030,83 | 7.891,24 |
| Birgðir í lok | 20.861.432 | 20.861.432 | 20.861.432 | -9,18 | -9,18 | -9,18 |
| Mismunur | 1.068.903 | 1.100.734 | 1.691.278 | 196,79 | 11,86 | 40,96 |



Yfirlit 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á árinu 2016.





Staða framleiðslu og birgða

Í yfirliti 3 má sjá hvernig birgðir mjólkurvara hafa verið að þróast frá upphafi til loka árs 2016. Birgðastaða er há allt árið og að lokinni sölu í desember voru smjörbirgðir rúm 300 tonn. Þetta má m.a. sjá í yfirliti 4, en þar kemur fram að undanskildu árinu 2015 hafa smjörbirgðir ekki verið hærri í lok desember sl. 14 ár. Staða í birgðum helstu osta (26% og 17%) er góð m.t.t. magns og aldursmáttningar. Á þessum árstíma, þegar framleiðsla mjólkur er farin að stíga aftur eftir hefðbundna lágmarks mánuði október og nóvember, verður fylgst sérstaklega með þróun helstu áhrifastærða í framleiðslu og sölu afurða. Framleiðsla, sala og birgðastaða metin vikulega og ákvarðanir og aðgerðir í birgðahaldi teknar eftir því.

Pálmi Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



Yfirlit 3 Birgðabróun í janúar – desember 2016, á helstu vöruflokkum.



ÍSEY: Nýtt alþjóðlegt vörumerki í skyri

MARKAÐSMÁL



Mjólkursamsalan kynnti fyrir fáeinum dögum nýtt alþjóðlegt vörumerki í skyri, ÍSEY skyr. Gert er ráð fyrir að þetta vörumerki verði tekið upp hérlendis og á öðrum mörkuðum á þessu ári.

Mikilvægt er að byggja upp vörumerki í skyri en vörumerki gefa fyrirtækjum kost á því að skapa sér sérstöðu og aðgreiningu frá keppinautum. Vörumerkið ÍSEY skyr gefur fyrirtækinu einnig kost á að segja enn betur söguna á bak við skyrið og ná til neytenda á jákvæðan og áhugaverðan hátt. Enn fremur hjálpar þetta til að samræma skilaboð til neytenda í mismunandi löndum og auðkenna ÍSEY skyr sem skyrið sem er upprunið frá Íslandi.

Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga við uppbyggingu vörumerkja og val á nafni er eitt af því sem skiptir miklu máli, sérstaklega þegar um er að ræða vörumerki sem á að ná til neytenda í mismunandi löndum þar sem tungumál og menning eru ólík.

Lakkrísmjólk



Þetta nafn getur táknad Ísland – þ.e. ÍS og EY auk þess að vera íslenskt kvenmannsnafn. Ekki skemmir fyrir að nafnið er stutt, einfalt og fallegt og hægt að bera það fram á mismunandi tungumálum.

Þetta nafn getur táknad Ísland – þ.e. ÍS og EY auk þess að vera íslenskt kvenmannsnafn. Ekki skemmir fyrir að nafnið er stutt, einfalt og fallegt og hægt að bera það fram á mismunandi tungumálum.

Við þurfum að tala meira saman um hvað það er sem skiptir okkur máli og segja það opinberlega. Fara fram með okkar rök og ekki

Þegar lagt var af stað í þá vegferð að velja nafnið og byggja upp vörumerki var mikilvægt að hafa ýmis atriði í huga:

- Í fyrsta lagi þá var það skýrt frá byrjun að það þurfti að halda sterkri tengingu við Ísland og styrkja enn frekar tenginguna sem skyr hefur við landið. MS er mjög stolt af íslenskum uppruna skyrins og það er í raun og veru alveg stórmerkilegt að skyrið, sem á sér yfir 1000 ára sögu á Íslandi, skuli eiga jafnmikið erindi við neytendur nú til dags eins og fyrir 1000 árum. Nafnið þurfti því að endurspeglada þennan íslenska bakgrunn skyrins og sögu skyr á Íslandi.
- Í öðru lagi vildi fyrirtækið heiðra íslenskar konur með nafngiftinni. Rannsóknir hafa sýnt að það voru íslenskar konur sem sáu um skyrgerðina á bæjum landsins í gegnum aldirnar og þekking á skyrgerð á íslenskum heimilum erfðist frá móður til dóttur.
- Í þriðja lagi skiptir nafnið sjálft máli. Það var ákveðið að hafa sér-íslenskan staf í nafninu til að styrkja enn frekar tengslin við Ísland en á sama tíma þurfti nafnið að vera þannig að hægt sé að bera það fram á mismunandi tungumálum. Þá var einnig lagt upp með að nýja nafnið væri stutt og einfalt.

Eftir mikla vinnu og rannsóknir var komist að þeirri niðurstöðu að nafnið ætti að vera **ÍSEY** og er fyrirtækið mjög stolt af þessu nafni. Þetta nafn getur táknad Ísland – þ.e. ÍS og EY auk þess að vera íslenskt kvenmannsnafn. Ekki skemmir fyrir að nafnið er stutt, einfalt og fallegt og hægt að bera það fram á mismunandi tungumálum.

Umbúðirnar verða að öðru leyti svipaðar og áður. Íslensk fjöll í bakgrunni, vörður með ávöxtum og hvítur litur ríkjandi, sem táknar bæði snjó og mjólk.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

HUGLEIÐING

bara ræða það í okkar hópi heldur líka í Garðarbæjarblaðinu og Reykjavíkurlaðinu. Segja frá því góða sem við gerum, hvað við viljum sjá fyrir framtíðina og jafnvel velja því upp hvort tími sé kominn á framleiðslu á lakkrísmjólk.

Við lifum í litlu samfélagi þar sem auðvelt er að tala meira saman. Starfsfólk MS vinnur gott starf með bændum fyrir neytendur og samfélagið, við þurfum bara að segja þeim frá því, saman. MS vinnur með landlækniseimbættinu um bættu lýðheilsu með D-vítamínþættri mjólk, 92% af allri mjólk MS fer í vörur sem eru ekki með viðbættum sykri, Auðhumla selur hrámjólk til þess að gegnsæi sé á söluinni, æ fleiri bændur taka þátt í fyrirmyndabúi, MS styður nýsköpun og svona mætti áfram telja upp allt það góða sem unnið er að.

Ég hlakka til að vinna með ykkur að því að auka verðskuldaðan hróður íslensks landbúnaðar. Með því að upplýsa um það sem við erum að gera og hvernig við gerum það þá náum við árangri.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum.

Gæðaniðurstöður árið 2016

Á árinu 2016 stóð meðallíftala í mjólk á landinu í stað milli ára á meðan að meðaltöl frumutölu og frírra fitusýra hækkaði. Meðalfita hækkaði en meðalprótein lækkaði milli ára.

LÍFTALA

Faldmeðaltal líftölu stóð í stað í 15.000 milli áruna 2015 og 2016. Árið 2016 fór vel af stað fyrstu tvo mánuðina varðandi líftöluna, en síðan seig á verri veg samanborið við árið á undan og voru öll mánaðarmeðaltölin frá ágúst til desember yfir meðaltali ársins. Mikilvægt er að halda líftölnni sem lægstri í mjólkinni. Með minni örveruvexti á sér stað minna niðurbrot í mjólkinni, hún helst lengur fersk og vinnslumöguleikar hennar eru betri. Mikilvæg atriði til að halda líftölnni niðri eru:

- Gott hreinlæti við mjaltir
- Hreinn mjaltabúnaður og hreinn mjólkurtankur
- Stöðug og góð kæling á mjólkinni
- Hreinir og heilbrigðir gripir.

FRUMUTALA

Faldmeðaltal frumutölu hækkaði um 2.000 milli áruna 2015 og 2016 eða úr 210.000 í 212.000. Framan af árinu 2016 var hún hærri en árið á undan en lækkaði síðan síðustu þrjú mánuðina. Frumutala er mælikvarði á heilbrigði kúna sem eru á bak við viðkomandi mjólk og þar með gefur hún til kynna ákveðin gæði mjólkurinnar því jógurbólga hefur áhrif á alla efnasamsetningu mjólkurinnar. Eftirfarandi forvarnir eru mikilvægar til að halda jógurbólgu í skefjum:

- Góðar smitvarnir
- Gott loft í fjósi.
- Hreint og bjart fjós.
- Góður aðbúnaður gripa.
- Reglulegt viðhald mjaltabúnaðar
- Allt sem lýtur að því að láta kúnum líða vel.






FRÍAR FITUSÝRUR

Faldmeðaltal frírra fitusýra hækkaði um 0,1 eða úr 0,54 í 0,64 á milli áruna 2015 og 2016. Þetta er óvenjulega mikil hækkun á milli ára og er ákveðið áhyggjuefni. Svo virðist sem breyttar áherslur í fóðrun hafi haft þessi áhrif en fleiri framleiðendur áttu í vandræðum með fríar fitusýrur í mjólkinni hjá sér á árinu 2016 en árið á undan. Mælingarkúrfa fyrir árið 2016 var mjög frábrugðin kúrfunni fyrir árið 2015 þ.e. meðaltöl mánaða 2015 voru mjög jöfn allt árið en meðaltöl mánaða 2016 voru mjög há yfir vetrarmánuðina en lág yfir sumarmánuðina. Mælingarniðurstöður á fríum fitusýrum í mjólk eru mælikvarði á gæði fitunnar í mjólkinni þannig að því hærri sem hún er því lakari er fitan með tilheyrandi verra bragði og verri nýtingu í vinnslunni. Fríar fitusýrur verða til við skemmd á fitukúluhimnunni þannig að laus fita flæðir út úr þeim og verður aðgengileg fyrir ákveðin ensím sem losa fitusýrurnar frá. Fitukúluhimnan er mismunandi sterk eftir erfðum, orkubúskap kúna og stöðu á mjaltaskeiðinu. Ef fitukúluhimnan er veik þá á hún auðveldara með að rofna við alla meðferð. Mikilvæg atriði til að halda fríum fitusýrum í skefjum í mjólkinni eru m.a. eftirfarandi:

- Gott jafnvægi í orkubúskap kúna. Í einfaldleika er hægt að segja að kýrnar leggja minni áherslu á að vanda til verka við framleiðslu sterkra fitukúla eftir því sem ójafnvægi í orkubúskapnum verður meira. Það skiptir mjög miklu að fóðrað sé rétt með tilliti til nytar og hvar kýrin er stödd á mjaltaskeiðinu. Einnig skiptir máli að fóðrunin sé jöfn frá degi til dags.

| Gæðabættir | 2016 | 2015 | Mismunur |
|-----------------------------------|---------|---------|----------|
| Líftala, fm ¹⁾ | 15.000 | 15.000 | 0 |
| Frumutala, fm ¹⁾ | 212.000 | 210.000 | 2.000 |
| Fríar fitusýrur, fm ¹⁾ | 0,64 | 0,54 | 0,10 |
| Fita %, bm ²⁾ | 4,14 | 4,11 | 0,03 |
| Prótein %, bm ²⁾ | 3,31 | 3,33 | -0,02 |

1) fm = faldmeðaltal, 2) bm = beint meðaltal



- Viðhald mjaltabúnaðar. Mikilvægt að mjaltabúnaður sé vel stilltur á hverjum tíma.
- Gelda upp kýr í tíma. Mikilvægt er að nýta kýrsýni til að sjá hvenær kýr fara að hækka í fríum fitusýrum þegar nálgast lok mjaltaskeiðs.

FITA OG PRÓTEIN

Meðalfita hækkaði um 0,03 prósentustig eða úr 4,11% í 4,14% og próteinið lækkaði um 0,02 prósentustig eða úr 3,33% í 3,31%. Efnainnihald mjólkurinnar hefur afgerandi þýðingu fyrir eiginleika hennar og nýtingu í vinnslu. Mikilvæg atriði varðandi efnabættina eru m.a. fóðrun, fóðurgæði, öflun upplýsinga um gæði heyja hverju sinni og gerð fóðurætlana.

Jón K Baldursson
Verkefnastjóri

Ný og spennandi bragðtegund í engjapykkni

Engjapykkni með sítrónu og stjörnu-korni er bragðgóð nýjung frá Mjólkur-samsölnunni sem kom á markað um miðjan janúar.

Engjapykkni er hluti af eftirrétta-línu MS og allar vörur í eftirrétta-flokknum eru merktar bláum borða sem á stendur „Eftirrétti“, m.a. til að aðstoða neytendur við val á matvörum og aðgreina þessar vörur frá öðrum. Það verður spennandi að sjá viðbrögð við þessari nýju bragðtegund en fáar mjólkurvörur hérlendis eru með sítrónubragði og mögulega er hér kominn nýr uppháldseftirréttur einhverra Íslendinga, hver veit?

